


# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 114

Apríl 2009

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## **VORFUNDUR**

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 28. apríl 2009 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Himalayajöklar í hlýnandi loftslagi

Þorsteinn Þorsteinsson

Myndasýning: Skálabyggingar Jöklarannsóknafélagsins

Pétur Þorleifsson

## VORFUNDUR

Vorfundur Jökklarannsóknafélags Íslands verður 28. apríl 2009 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur flytur erindi sem hann nefnir „Himalayajöklar í hlýnandi loftslagi”

Nýlega hefur að frumkvæði forseta Íslands verið efnt til samstarfs íslenskra, indverskra og bandarískra jöklafræðinga um rannsóknir á afkomu valdra jökla í Himalayafjöllum. Tilgangurinn er meðal annars sá að bæta mat á afrennsli leysingarvatns frá fjöllum og treysta grunn spáa um afrennslisbreytingar í hlýnandi loftslagi á 21. öld. Í þessum mesta fjallgarði jarðar skipta jöklar þúsundum og alls þekja þeir ríflega 30,000 km<sup>2</sup> lands. Jöklarnir hafa stöðugt rýrnað og hopað frá 19. öld og er talið hugsanlegt að þeir hverfi að verulegu leyti á næstu 3-4 áratugum.



Eystri tunga Kolahoi-jökulsins fellur í myndarlegum jökulfossi niður á leysingarsvæðið

Í erindinu verður fyrst veitt yfirlit um stöðu þekkingar á Himalaya-jöklum og síðan sagt í máli og með myndum frá forkönnunarleiðangri til Kolahoi-jökulsins í Kashmirhéraði Indlands í nóvember 2008.

Þriggja daga gangur er að jöklinum frá næstu byggð og slógu leiðangursmenn upp búðum við jökuljaðarinn í 4000 metra hæð. Kannaðar voru aðstæður til göngu upp á ákomusvæði jökulsins, sem teygir sig upp undir 5000 m hæð. Stikur voru boraðar í jökulís á leysingarsvæðinu og þversnið mæld með GPS tæki á nokkrum stöðum.



Gengið inn eftir Liddar-dalnum í Kashmir. Kolahoi-jökullinn er í hvarfi innst í dalnum.

Stefnt er að frekari rannsóknum á Kolahoi-jökli á næstu árum, auk veðurathugana og mælinga á rennsli í Liddar-ánni, sem frá jöklinum rennur.

Að loknu kaffihléi mun Pétur Þorleifsson sýna myndir frá flutningi og byggingu nokkurra skála félagsins. Á árunum 1977 til 2002 byggði JÖRFÍ sjö skála, alla nema einn á Vatnajökli. Pétur var einn af forgöngumönnum um byggingu þessara húsa og valdi sumum þeim stað, t.d. við Fjallkirkju í Langjökli og á Goðahnúkum en báðir þessir staðir eru einhver mikilfenglegustu skálastæði landsins.

## NÝI SKÁLI Í JÖKULHEIMUM STÆKKAÐUR

Til stendur að stækka nýrri skálann í Jökulheimum verulega. Stefán Bjarnason hefur gert teikningar af stækkuninni og samkvæmt þeim á að stækka húsið um 26 fermetra til austurs. Þar verður svefnpláss fyrir 16 manns í 8 tvíbreiðum kojum.

Jökulheimar eru önnur helsta bækistöð félagsins. Fyrsta húsið, gamli skáli var reistur 1955. Geymsla fyrir snjóbíla var byggð 1958 meðan nýi skálinn var reistur 1965 en fullkláraður 1970. Nú er svo komið að ekki er nægilegt gistipláss þegar fjölmennar vorferðir á Vatnajökul fara um Jökulheima, auk þess sem búast má við vaxandi umferð ferðamanna með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs.



Gamli skáli í Jökulheimum var reistur 1955 og sá nýi 10 árum síðar en nú stendur til að stækka hann umtalsvert.

Stjórn Jörfí samþykkti á fundi sínum 7.mars síðastliðin svohljóðandi bókun: „Stjórn Jöklarannsóknafélagsins samþykkir að ráðast í stækkun og endurbætur á nýrri skála félagsins í Jökulheimum. Áætlað er að verkið taki 2 ár og verði unnið samkvæmt teikningu og kostnaðaráætlun Stefáns Bjarnasonar frá 2009. Áætlaður heildarkostnaður: 4 milljónir króna skv. ofangreindri áætlun Stefáns. Leitað verður leiða til að afla fjárhagslegs stuðnings við verkefnið annarsstaðar frá.”

Rætt hefur verið um frekari endurbætur og breytingar á skálanum en ekkert verið ákveðið í þeim efnum.

## **AFKOMUMÆLINGAR Á MÝRDALSJÖKLI**

Undanfarin tvö ár hefur afkoma verið mæld á Mýrdalsjökli eftir nokkuð stopular mælingar árin á undan. Í fyrra fór stór hópur á jökulinn og boraði 3 holur sem náðu 9, 10 og 12 metra dýpi sem er svipað og árið á undan.

Í ár verður haldið í hefðina og aftur mælt á Mýrdalsjökli. Ferðin er kjörinn vettvangur til að kynnast starfsemi JÖRFÍ og öllum er frjálst að mæta og taka þátt. Ætlunin er að fara dagsferð á Mýrdalsjökul laugardaginn 9. maí. Ef veður verður óhagstætt verður leitað færissunnudaginn 10. maí.

Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Hálf dán með tölvupósti á [halfdana\(hjá\)gmail.com](mailto:halfdana(hja)gmail.com) eða í síma 865-9551. Fólk er hvatt til þess að hafa samband sem fyrst, hvort sem þeir eru eigendur jöklataekja eða eru farlausir en þá reynum við að finna laus sæti hjá samferðarmönnum okkar.



Vaskir menn við afkomumælingar á Mýrdalsjökli 2007

## SUMARFERÐ Í UNDIRHEIMA

Áformað er að sumarferð Jöklarannsóknafélagsins verði farin austur í Skaftáreldahraun fyrstu helgina í júlí. Þar á að skoða hraunhella undir leiðsögn sérfróðra manna.

Í bók Björns Hróarssonar „Íslenskir hellar” kemur fram að Skaftáreldahraun er um 656 ferkílómetrar að stærð en til skamms tíma var aðeins vitað um nokkra hella þar. Árin 2000 og 2001 var gerð skipuleg leit að hellum í hrauninu og afraksturinn með ólíkindum segir í bók Björns. Nú eru „þekktir nokkrir tugir hella sem samanlagt eru á annan tug kílómetra að lengd og nokkrir þeirra eiga vart sinn líka.”

Þeir verða skoðaðir ef næg þátttaka verður í sumarferð. Ágúst Hálfánsson annast skipulagningu og eru áhugasamir beðnir að skrá sig á netfanginu [sumarferd@gmail.com](mailto:sumarferd@gmail.com) eða í síma 894-5257. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og ferðamáta verða kynntar síðar en væntanlega verður farið á einkabílum og gíst í tjöldum.

## **AÐALFUNDUR 2009**

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn 26. febrúar síðastliðinn í Öskju. Fundarstjóri var kosinn Oddur Sigurðsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins á þessum aðalfundi.

Á fyrsta stjórnarfundum 7.mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var síðan staðfest á stjórnarfundum 6.apríl.

### **Stjórn JÖRFÍ 2009:**

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður

Magnús Hallgrímsson, varaformaður

Þóra Karlsdóttir, gjaldkeri

Þorsteinn Þorsteinsson, ritari

Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

**Varastjórn:** Valgerður Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Svavarsson, Björn Oddson og Vilhjálmur S. Kjartansson.

## **Nefndir JÖRFÍ:**

**Rannsóknanevnd:** Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Bílanefnd:** Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárusson, Garðar Briem, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

**Skálanefnd:** Aðalsteinn Svavarsson formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Leifur Þorvaldsson, Ragnar Jörgensen, Snæbjörn Pálsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

**Ferðanefnd:** Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Eiríkur Lárusson, Hannes Haraldsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

**Ritstjórar Jökuls:** Bryndís Brandsdóttir, Áslaug Geirsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

**Ritnefnd Jökuls:** Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen Luise Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Leó Kristjánsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og Willam H. Menke.



**Skemmtinefnd:** Ágúst Hálfhásson formaður, Eiríkur Lárússon, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir og Grétar Már Þorvaldsson.

**Valnefnd:** Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Sveinbjörn Björnsson.

Stjórn JÖRFÍ samþykkti á fundi sínum 7.mars að hækka félagsgjöld um 100 krónur í 4.900,- kr. Innifalið er að venju áskrift að fréttabréfinu og tímaritinu Jökli.

**Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir**